



**147. fundur
leikskólanefndar
haldinn á Digranesvegi 1, Vatnsenda 1. hæð,
fimmtudaginn 8. desember 2022 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Matthías Páll Imsland, Árnína Steinunn Kristjánsdóttir, Hermann Ármannsson, Jóhanna Pálsdóttir, Hreiðar Oddsson, Eva Sjöfn Helgadóttir, Karen Rúnarsdóttir, Bryndís Baldvinsdóttir, Sigríður Kristín Sigurðardóttir, Guðrún B I le Sage de Fontenay, Anna Birna Snæbjörnsdóttir og Sigurlaug Bjarnadóttir.

Fundargerð ritaði: Sigurlaug Bjarnadóttir, Deildarstjóri Leikskóladeildar

Dagskrá:

1. 1909444 - Umsókn um viðbótar skipulagsdag leikskóla
Leikskólinn Álfatún óskar eftir viðbótar skipulagsdegi fyrir skólaárið 2022-2023, vegna námsferðar erlendis.
Leikskólanefnd samþykkir beiðni leikskólans Álfatúns um viðbótar skipulagsdag vegna námsferðar erlendis, enda samræmist það verklagsreglum um skipulagsdaga og skóladagatöl leikskóla.
2. 1909444 - Umsókn um viðbótar skipulagsdag leikskóla
Leikskólinn Sólhvörf óskar eftir viðbótar skipulagsdegi fyrir skólaárið 2022-2023, vegna námsferðar erlendis.
Leikskólanefnd samþykkir beiðni leikskólans Sólhvarfa um viðbótar skipulagsdag vegna námsferðar erlendis, enda samræmist það verklagsreglum um skipulagsdaga og skóladagatöl leikskóla.
3. 22114511 - Menntasvið-Starfshópur um starfsumhverfi leikskóla
Lagt fram til kynningar.
Anna Birna Snæbjörnsdóttir sviðsstjóri menntasviðs og Sigurlaug Bjarnadóttir deildarstjóri leikskóladeildar kynntu tillögur og erindisbréf starfshóps um starfsumhverfi leikskóla sem samþykkt var í bæjarráði 8.12. Leikskólanefnd lýsir mikilli ánægju með starfshópinn og erindisbréfið.
4. 2209272 - SAMLEIK-Fyrirspurnir
Lagt fram til umræðu.
Áheyrnarfulltrúi foreldra þakkar fyrir greinagóðar upplýsingar.
5. 2212257 - Leikskólalóð við Skólatröð
Til umræðu
Kynnt staða mála um byggingu leikskóla við Skólatröð.



Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:30.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026